

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Friðlýsing á Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki að hefja formlegt samtal við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingu á Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði. Um eru að ræða þrjú mikilvæg strandsvæði í Reykjavík sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Gert er ráð fyrir að samtalið leiði til þess að ákveðið verði að hefja formlegt friðlýsingarferli Umhverfisstofnunar í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í friðlýsingarferlinu verður m.a. tekin ákvörðun um mörk friðlýstra svæða, friðlýsingarflokk auk þess sem mótaðar verða helstu reglur með friðlýsingarskilmálum. Að loknu lögbundnu samráðs- og kynningarferli er gert ráð fyrir að friðlýsingatillögur verði lagðar fyrir borgaryfirvöld til samþykkis áður en ráðherra friðlýsir svæðin endanlega.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:
Greinargerð með tillögu að friðlýsingu

Greinargerð með tillögu að friðlýsingu, lögð fram á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 17. febrúar 2021:

Tillaga að friðlýsingu Grafarvogs

Lagt til að grunnsævi, leirur og fjörur innan Grafarvogs verði friðlýstar.

Markmið með friðlýsingu: Að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir og búsvæði fugla en Grafarvogur er einn af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkana og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda t.d. rauðbrystings, sanderlu, lóupræls, heiðlóu, jaðrakans o.fl.. Grafarvogur er einnig mikilvægur fæðuöflunarstaður fugla allt árið um kring og þar sjást alla jafna margar fuglategundir. Vogurinn er hjartað af vinsælu útivistarsvæði og fá svæði í borginni eru eins aðgengileg fyrir náttúruupplifun og til að stunda fuglaskoðun.

Afmörkun friðlýsts svæðis: Grafarvogur er hluti af tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir B-hluta náttúruminjaskrár sem einnig inniheldur mynni Elliðavogs. Hér er lagt til að Grafarvogur innan Gullinbrúar, sem í dag er hverfisverndaður í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, verði friðlýstur. Skoða þarf hversu langt mörkin ná upp á land en þau mörk sem hverfisverndin nær til í dag eru á köflum dregin full langt upp á land til að það henti friðlýsingu og eru mörkin í tillögu Náttúrufræðistofnunar nærri lagi.

Núverandi mörk hverfisverndar í Grafarvogi:



Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar


Lagt til að grunnsævi, leirur, fjörur, árós, sker og eyjar í Blikastaðakró vefrði friðlýst.

Markmið með friðlýsingu: Að vernda mikilvæg búsvæði fugla, sela og sjávarhryggleysingja. Fjörusvæðin frá Geldinganesi austur fyrir Blikastaðakró einkennast af fjölbreyttum vistgerðum – leirum, þangfjörum, kræklingaáreyrum og sandfjörum sem eru lífauðugar og laða að fjölbreytt fuglalíf. Stórir hópar fuglar dvelja þar allan ársins hring og svæðið er sérstaklega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum margæsa og rauðbrystinga. Í leirusetinu er ríkulegt samfélag sjávarhryggleysingja m.a. ýmis skeldýr og burstormar þ.m.t. hinn sjaldgæfi risaskeri. Landselir eru

tíðir gestir á svæðinu. Svæðið er mikilvægt og vinsælt útivistarsvæði og þar er landslag fjölbreytt og útsýni tilkomumikið.

Afmörkun friðlýsts svæðis: Blikastaðakró er hluti af stærri tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár sem einnig nær yfir allan Leiruvog austur af Gunnunesi. Reykjavík á einnig land að norðanverðum Leiruvogi sem að öðru leiti tilheyrir Mosfellsbæ. Tilfni er til að velta fyrir sér samtali við Mosfellsbæ, ekki síst þar sem nú er unnið að því að stækka friðlandið við Varmárósa, innst í Leiruvogi, sem er innan B-svæðisins. En sem fyrsta skref er hér mælt með að stefna að friðlýsingu Blikastaðakróar og miða við mörk hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Skoða þarf hvort og hversu stór hluti Geldinganes falli inn í skilgreinda svæðið en í dag er austur- og norðurströnd Geldinganes hverfisvernduð. Ljóst er að ekki er hægt að friðlýsa alla strandlengju Geldinganes meðan áform um Sundabraut liggja um það svæði. Því er lagt til að einungis austurströndin sem liggur að Blikastaðakró verði innan afmörkunar.

Núverandi mörk hverfisverndar í Blikastaðakró:



Tillaga að friðlýsingu þangfjara í Skerjafirði


Lagt til að friðlýsa þangfjörur og grunnsævi í norðanverðum Skerjafirði frá sveitarfélagamörkum að Seltjarnarnesi og að Skildinganesi sem í dag eru hverfisverndaðar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Markmið með friðlýsingu: Að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir, einkum lífmiklar þangfjörur þar með talið klóþangsfjörur sem hafa mjög hátt verndargildi. Miðað er við að vernda öll belti fjörunnar frá efstu brún niður og í gegnum þarabeltið. Þangfjörurnar eru frjósöm og lífauðug vistkerfi þar sem fjölbreytni sjávardýra er mikil og þær eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir fugla og fiska. Þá eru gróskumiklar þangfjörur öflugar við að binda kolefni og uppspretta næringarefna fyrir sjávarlífverur. Fjörurnar í Skerjafirði eru með stærstu samfelldu þangfjörum á Höfuðborgarsvæðinu og einstaklega aðgengilegar. Þær eru hryggjarstykkið í einu vinsælasta útivistar- og náttúrusvæði sem borgarbúar hafa aðgang að og setja mikinn svip á landslagið.

Afmörkun friðlýsts svæðis: Fjörurnar í Skerjafirði eru hluti af stærri tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár „Álftanes-Skerjafjörður“. Sú tillaga er að miklu leyti eins og tillaga á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 en í kjölfar samþykktar hennar hefur verið unnið að friðlýsingu nokkurra minni svæða í Skerjafirði, í landi Garðabæjar og Kópavogs. Full ástæða er að skoða allt svæði innan lögsögu Reykjavíkur sem B-tillagan nær til en fyrst um sinn er lagt til að horft sé til friðlýsingar á því svæði sem í dag er undir hverfisvernd og sér í lagi þangfjörurnar. Innsti hluti Fossvogs er einnig undir hverfisvernd og þar er fyrir friðlýsta svæðið Fossvogsbakkar, náttúruvætti

vegna verndunar jarðminja. Hægt væri að stækka það náttúruvætti og breyta friðlýsingarskilmálum til að ná betri búsvæðavernd á leirur í Fossvogi. Mögulega má skoða bæði svæðin samtímis eða einblína á eitt í einu. Milli svæðanna tveggja er í Aðalskipulagi Reykjavíkur og væntanlegu deiliskipulagi Skerjabyggðar gert ráð fyrir landfyllingu sem fer ekki saman með friðlýsingu. Landfyllingin er nú í umhverfismati mikilvægt er að sjá hver niðurstaða úr því verður, áður en endanleg tillaga að friðlýstu svæði er ákveðin Einnig þarf að skoða áhrif væntanlegrar Fossvogsbrúar á þessa tillögu.

Núverandi mörk hverfisverndar þangfjara í norðanverðum Skerjafirði:



Tekið saman af Snorra Sigurðssyni, skrifstofu umhverfisgæða

Reykjavík, 9. mars 2021
R21020187
USK2021020066

Berist til umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur þann 27. febrúar síðastliðinn var lögð fram og samþykkt tillaga þar sem lagt er til að hafið sé formlegt samtal við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingar á þremur fjörusvæðum í Reykjavík. Svæðin sem um ræðir eru Blikastaðakró, Grafarvogur og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði.

Tillagan hljómar svo:

„Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki að hefja formlegt samtal við umhverfis og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingu á Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði. Um eru að ræða þrjú mikilvæg strandsvæði í Reykjavík sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Gert er ráð fyrir að samtalið leiði til þess að ákveðið verði að hefja formlegt friðlýsingarferli Umhverfisstofnunar í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í friðlýsingarferlinu verður m.a. tekin ákvörðun um mörk friðlýstra svæða, friðlýsingarflokk auk þess sem mótaðar verða helstu reglur með friðlýsingarskilmálum. Að loknu lögbundnu samráðs- og kynningarferli er gert ráð fyrir að friðlýsingatillögur verði lagðar fyrir borgaryfirvöld til samþykkis áður en ráðherra friðlýsir svæðin endanlega.“

Eftir samþykkt í umhverfis- og heilbrigðisráði var tillögunni vísað til borgarráðs og var þar samþykkt þann 4. mars síðastliðinn sbr. meðfylgjandi bréf frá skrifstofu borgarstjóra.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, óskar nú eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun að hefja formlega skoðun á þessum friðlýsingaráformum í samráði við Reykjavíkurborg við fyrsta tækifæri.


Þessu bréfi fylgir einnig stutt greinargerð með nánari umfjöllun um fjörusvæðin þrjú, einkenni þeirra og verndargildi og markmið með væntanlegum friðlýsingum.

Sambærilegt bréf hefur verið sent til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,



Ólöf Örvarsdóttir,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs



Guðmundur B. Friðriksson,
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða


Samrit: Umhverfisstofnun

FW: Friðlýsing Grafarvogs.



Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Til Þórólfur Jónsson
Afrit: Steinar Kaldal; Guðríður Þorvarðardóttir

Þú framsendir þetta skeyti 4.7.2023 14:58.
Smelltu hér til að sækja myndir. Outlook stóðvaði sjálfvirka niðurhleðslu nokkurra mynda til að verja persónuupplýsingar þínar.



Þri. 20.6.2023 13:30

Sæll Þórólfur.

Meðfylgjandi er tillaga umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um stækkun svæðis í Grafarvogi sem falla ætti undir friðlýsingu sem unnið er að.

Getur þú sett tillöguna í viðeigandi ferli innan borgarinnar?

Í viðhengi við póstinn er umsögn Náttúrufræðistofnunar og samantekt Minjastofnunar vegna hugmynda ráðuneytisins.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: www.ust.is/disclaimer

From: Steinar Kaldal <steinar.kaldal@urn.is>

Sent: mánudagur, 19. júní 2023 16:59

To: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>

Cc: Guðríður Þorvarðardóttir <guðridur.thorvardardottir@urn.is>

Subject: Friðlýsing Grafarvogs.

Sæll Davíð Örvar,

Að beiðni ráðherra sendir ráðuneytið hér tillögu að stækkun marka vegna friðlýsingu Grafarvogs:

Forsendur fyrir stækkun: Ráðherra leggur áherslu á að stækka verndarsvæðið (rauð lína) frá því sem unnið hefur verið með (gul lína) enda svæðið eitt af grænum svæðum í borginni. Með stækkun svæðisins mun það einnig ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu sem eykur við útivistar og fræðslugildi þess og hefur Minjastofnun bent á að taka þurfi tillit til menningarminja.



Tillaga að breyttum mörkum:

- Lagt er til að verndarsvæðið fylgi göngustíg að norðan, en teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. ATH væntanlega þarf þó að skoða betur mörkin með tilliti til tveggja lóða sem þar eru (Funaborg 42 og 44).
- Þá fylgi mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en þar fylgi mörkin lóðamörkum til og með Stórhöfða 45. Þaðan með Stórhöfða að Grafarlæk og mörk síðan með læknum (50-100 m) og síðan með göngustíg.

Athugasemdir:

Austan við Logafold (ekki innan rauðu línu) er skógræktarreitur. Kanna mætti hvort það svæði ætti að vera innan friðlýsingarmarka.

Mögulegar sviðsmyndir:

Sviðsmynd 1. - Allt svæðið verði friðland – og reglur útfærðar yfir á viðbótarsvæðið.

Sviðsmynd 2. – Svæðið skv. tillögu Umhverfisstofnunar verði friðland og viðbótarsvæðið verði fólkvangur. Unnið verði áfram með reglur fyrir friðlandið Grafarvog og sér reglur útfærðar fyrir viðbótarsvæðið með megin áherslu á útivist og fræðslu.

Lagt er til að í samstarfi við Minjastofnun Íslands / borgarminjavörð verði menningarminjar sérstaklega merktar með tilliti til fræðslu og verndunar.

Bkv. Steinar



Steinar Kaldal, sérfræðingur og teymisstjóri náttúru- og minjaverndar / Head of Division and Team Leader for Nature Conservation & Cultural Heritage

Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar / Department of Strategic Planning and Implementation

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Síldarmannagarður/Síldarkró

Tegund: hleðsla

Hlutverk: fiskgildra

Ártal: 1850

Staðhættir

"Niður við Grafarvog, vestur af Blettum, er Síldarmannagarður. Þar var veidd síld og (Síldar) kró er inni í botni við læk, við svonefndan Guddumóa." (Ö.Graf.1, s.14).

Rétt austan við Gullinbrú á milli Kattarnefs og Naustatanga, á fjöru sjást tveir tangar sem stefna beint á hvern annan sitthvoru megin við voginn.

Síldarmannagarður. Milli Kattarnefs (Gullinbrú) og Naustatanga liggur eyri út í voginn. Á henni og þvert yfir voginn er gamall grjótagarður, sem sést vel þegar fjarar. Frá fornu fari hefur þessi garður verið nefndur Síldarmannagarður. Þarna hefur trúlega verið veidd síld á svipaðan hátt og lýst er hér að ofan, en einnig segir Björn bóndi í Gröf að Ólafur Stefensen frá Viðey hafi reynt að nota garðinn til Laxveiði, það mun hafa verið á árunum 1870 - 80. Um flóð eða með byrjandi útfalli var dregið net í hliðið, sem var í garðinum, og var ætlunin að króa fiskinn inni, svo að hann fjaraði uppi. Var mikill lax fyrir innan og selur, en undan útfallinu settist slý og þaraslæðingur í netið og fiskurinn lagðist fast á. Undan öllum þessum þunga sprakk netið, svo að aflinn var lítill sem enginn. Þessi garður er nú allmikið raskaður af sjávangangi og af völdum veiðimanna, er voru þar með laxakláfa um síðustu aldamót

Lýsing

Garðurinn (SV - NA) er að mestu leyti horfinn, sést þó aðeins að hluta á fjöru og þá SV - hlutinn aðallega. Um upprunalegu br. og h. er ekkert hægt að segja.

Heimildir

Anna Lísu Guðmundsdóttir og Sólveig María Heiðberg. *Borgarhluti 8. Grafarvogur. Minjar og saga.* Reykjavík 1998.

Örnefnaskrá Ara Gíslasonar yfir Grafarholt. (Ö.Graf 1).

Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Naustatangi

Tegund: tóft/garðlag/bergrista

Hlutverk: Naust/útræði

Ártal: 1850

Staðhættir

"Niðri við Grafarvog, í mörkum Keldna- og Gufunesslands heitir Kattarnef. Góðan spöl innar gengur lítil og lág eyri út í voginn. Hún heitir Naustatangi. Þar höfðu Keldnamenn lendingarstað og uppsátur fyrir báta, sem voru aðallega notaðir til hrognkelsaveiða." (Ö.Keldur 1).

Um 100 m suður af Grafarvogskirkju.

Á lítilli eyri, Naustatanga.

Lýsing

Rúst.

7 x 6,5 m (NV-SA). Útveggir úr grjóti, br. 0,8-1,0 m (SA-hlið hrunin, nú br. 2,0 m) og h. 0,3 - 0,8 m. Líklega dyr í SV. Grjóthleðslurnar mjög heillegar, ef frá er talin SA-hlið. Inn úr NA-hlið gengur hólf,

br. 3 x 2,5 m. Veggir úr grjóti (grónir),

br. 0,4-0,6 m og h. 0,2 m. Dyr í SV.

2,5 m í V af V-horni rústarinnar er:

Garður.

L. 5,5 m (A-V), br. 0,7 m og h. 0,3-0,4 m.

12 m VSV af dyrum rústarinnar er:

Bergrista.

Á steini, 0,5 m stórum. Á hann er klappaður hringur, 0,04 m í þvermál. Sjálf ristan er 0,006 m br. (Fannst í vettvangskönnun 1998).

Sjálf lendingin (vörin) hefur ugglaustr verið rétt norðan við garðinn.

Króargarður

Tegund: hleðsla

Hlutverk: fiskgildra

Ártal: 1870

Staðhættir

"Króin hefur verið byggð um ós Grafarlækjar með þeirri hugmynd að veiða þar lax með því að draga net fyrir opið um flóð. Nú hefur veiði í voginum verið tekin af jörðunum og Króin því ekki notuð, veggir fallnir. ...Króargarður er um Króna og Ósvað við Ósinn" (Ö. Graf. 2, s. 34).

Króargarður er í brotni Grafarvogs við ósa Grafarlækjar. "Í botni Grafarvogs var Króargarður sem myndaði litla kví við ás Grafarlækjar. Hann mun hafa verið gerður í kringum 1870 til laxveiða. Um garðinn segir Björn Bjarnarson: Þar hagar þannig til að Keldnamegin við ásinn gengur fram smáeyri eða hryggur og þar hefur því ekki þurft mikla hleðslu, aðeins að raða steinum ofaná. Grafarvogsmegin hefur hleðslan þurft

að vera hærrí, og þar er mjótt hlið á garðinum fyrir lækjarrennsli og sjávarföll." Króagarður var um Krónna. Ö-Keldur 2, bls. 2.

Lýsing

Laxveiðigarður.

Um 130 m. langur, 1,0 - 2,0 m á breidd og 0,2 - 0,4 m á hæð. Nánast hálf hringlaga með op við SV - hlutann og NA - endann. Garðurinn er að hluta hlaðinn á lítinn hrygg, sem gengur út í ósinn og eru hleðslurnar minnstar þar. Garðurinn var rofinn í vestur í langan tíma en gert var við það 1998.

Heimildir

Örnefnaskrá Björns Bjarnarsonar yfir Grafarholt. (Ö. Graf. 2).

Örnefnastofnun. Keldur. Skráð af Halldóri Vigfússyni 1949.

Ónefnd laxagilda

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: fiskgilda

Ártal: 1900

Staðhættir

"Í botni Grafarvogs, 10 m V við brú yfir Grafarlæk þar sem hann rennur til sjávar. Þar sem áður lá vegurinn til Gufuness"

Lýsing

Laxveiðigarður.

Um 40m lengd og 2m breidd og 0,2 - 0,4 m h. Næstum U-laga með opi í N - enda. Garðurinn og opið eru töluvert úr lagi fært

Heimildir

Bjarni F. Einarsson, 1995. Fornleifaskrá Reykjavíkur.

Ósvað

Tegund: Örnefni

Hlutverk: Vað

Lýsing

Ósvald hefur verið trúlega þar sem vegurinn kom að ósnum.

Gamlarétt

Tegund: tóft

Hlutverk: rétt/hestarétt

Staðhættir

Hestarétt er merkt inn á Túnakort sunnan við tún (Guddumóa?)

20 m NV af veg sunnanvert við botn Grafarvogs, um 70 m NA frá Vogí.

Í brekku við kvos.

Lýsing

Rétt

Rest af rétt. 1983 var einn veggur úr grjóti,

l. 12 m (NNA - SSV), br. 1,0 - 1,3 m og

h. 0,4 - 0,7 m. Garðlög sáust víða. Nú eru aðeins slitur einar eftir af veggnum og ekkert sem bendir til þess að þarna hafi rétt staðið fyrrum eða nokkurt annað mannvirki. Á túnakorti frá 1916 er skráð hesta rétt á þessum stað.

Munnmæli

Við vegalagningu tók af mestan hluta réttarinnar. Var hún notuð fram til ársins 1902.

Heimildir

Örnefnastofnun. Grafarholt.

Túnakort 1916.

Fornleifaskrá Reykjavíkur, 1995, Bjarni F. Einarsson

Ónefndur vegur

Tegund: vegur

Hlutverk: leið

Staðhættir

"Fyrir botni vogsins er Guddumói. Þar lá gamli vegurinn um hann. Þar lágu margar götur, en nú er móinn sléttaður."

Leið frá vaðinu yfir Elliðaárnar um Reiðskarði, Jörfamelana, botn Grafarvogs, þar yfir Grafarlæk, norðan við Kotamýri, upp Keldnasund yfir að Keldnaholti.

Hægt er að finna leifar af veginum á nokkrum stöðum t.d. við göngustíg við sunnanverðan Grafarvog rétt vestan við Vog. Þar er hann steinhlaðinn úr hellugrjóti ættuðu úr Elliðaárdalnum, þar er einnig grjóthrúga sem er væntalega ónotað vegarefni. Vegurinn hefur síðan legið fyrir botn Grafarvogs og upp vestan við Kotamýri.

Sjáanleg á köflum við Grafarvog og fyrir ofan ræktun Jóhanns Pálssonar við Keldur.

Lýsing

Steinhlaðinn vegur um 7 x 3 m

Munnmæli

Vegurinn var endurgerður vegna konungskomunnar 1907.

Heimildir

Kort: Reykjavík og nágrenni 1909.

Jóhann Pálsson 1998

Örnefnaskrá Ara Gíslasonar yfir Grafarholt. (Ö.Graf 1).



Síldarmannagarður

Naustatangi

Króargarður

Ónefnd laxagildra

Ósvað

Gamlarétt

Ónefndur vegur

Yellow dot

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. júní 2023
Málsnúmer: 202306-0017
SS

Efni: Umsögn um fyrirhugaða friðlýsingu í Grafarvogi.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu, dags. 8. júní 2023, þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun veiti umsögn um mögulega stækkun á afmörkun áformaðs friðlýsts svæðis í Grafarvogi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Umhverfisstofnunar um áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar þann 10. ágúst 2021 og vann einnig samantekt fyrir Umhverfisstofnun um verndargildi svæðisins þann 18. október 2021.

Í umsögninni um áformin kemur fram að Náttúrufræðistofnun telur að betra hefði verið ef friðlýsingaráformin hefðu náð yfir allt það svæði sem stofnunin tilnefndi fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, og er þar vísað í svæðið vestan Gullinbrúar í mynni Elliðavogs.

Í greinargerðinni um verndargildið var fyrst og fremst fjallað um það svæði sem fellur innan þeirra marka sem Umhverfisstofnun hafði skilgreint, sem er fyrst og fremst Grafarvogurinn sjálfur og þær fjöruvistgerðir og búsvæði fugla sem þar er að finna. Þó koma fram í greinargerðinni eftirfarandi atriði um náttúrufar utan afmörkunarinnar:

„Ofan fjöru utan marka áætlaðrar friðlýsingar má finna ýmsar þurrlendisvistgerðir. Ríkjandi eru ræktaður skógur og graslendisvistir t.d. snarrótar- og grasmóavist en á köflum má finna lyngmóavist. Áhrif frá ræktuðum gróðri eru mikil bæði skógræktarsvæðum og gördum í einkaeigu, mikið er um alls konar plöntuslæðinga sem sumir vaxa niður að fjörumörkum. Framandi ágengar tegundir eins og alaskalúpína, skógarkerfill og húnakló (*Heracleum spondylium*) finnast í þessum gróðurlendum næst Grafarvoginum. Sjaldgæf plöntutegund, hjartapunktur (*Briza media*) vex meðfram Grafarlæk í nokkrum mæli.”

Ekki er því hægt að segja að verndargildi gróðurfars í næsta nágrenni Grafarvogs sé sérstaklega hátt með þeirri undantekningu sem er vaxtarsvæði hjartapunts við Grafarlækinn. Sú tegund er þó talinn vera innfluttur slæðingur þótt uppruni hennar sé ekki þekktur, og þrátt fyrir að vera mjög sjaldgæf, er ekki skráð á valista né er friðuð. Það er þó ástæða til að viðhalda þessum vaxtarstað.

Verndargildi ræktaðs gróðurs svo sem trjálundarins norðvestan við Grafarvoginn byggist að stórum hluta á öðrum viðmiðum en stuðst er við þegar lagt er mat á verndargildi villtra plantna eða vistgerða s.s. sögulegt gildi, útivistargildi, gildi fyrir lífríki þéttbýlisins o.s.frv. Eðlilegt er að slíkt sé skoðað þegar kemur að skipulagi friðlýsingar, einkum ef um fólkvanga er að ræða. Svæðið er auðvitað mikið notað til útivistar í dag sem fer að mestu vel við markmið um friðlýsingu Grafarvogsins.



Lífriki Grafarvogs stafar ekki ógn af þessum ræktaða gróðri eins og staðan er í dag en þó geta einstakar ræktaðar tegundir dreift sér niður að fjöruborði og mögulega valdið raski á fjöruvistgerðum og því þarf að fylgjast með. Trjátegundir eru ólíklegar til að vera þar á meðal en mögulega einhverjar fjörlærar plöntur sem ræktaðar eru í görðum.

Náttúrufræðistofnun telur skynsamlegt að skilgreina jaðar á friðlýsta svæðinu fyrir Grafarvog þ.e.a.s. í kringum fjöru- og strandsvæði. Tillaga um að víkka mörk upp að göngustíg sem liggur kringum voginn er því skynsamleg að mati Náttúrufræðistofnunar. Það gefur einnig tilefni til að vakta betur hvernig gróðurfar á þessu jaðarsvæði breytist og meta þörfina á aðgerðum t.d. gegn ágengum plöntutegundum.

Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu út frá hagsmunum verndargildis náttúruminja að víkka afmörkunina út fyrir göngustíginn en leggst ekki gegn því enda tiltölulega þægilegt að tilgreina slíka afmörkun í vestri, suðri og norðri. Í austurátt getur það reynst snúnara enda stórt opið svæði þar sem í dag eru m.a. ræktuð tún, leifar af ræktuðum trjálundum og blönduð gróðursvæði s.s. umhverfi Grafarlæks. Hvort og hversu mikið af því svæði eigi erindi inn á friðlýsta svæðið á Náttúrufræðistofnun erfitt með að leggja mat á enda verndargildi náttúrufars líklega ekki veigamesti þátturinn þegar kemur að því að meta hlutverk svæðisins heldur t.d.. núverandi notkun, skipulagsstaða, sögulegt gildi, útivistargildi o.s.f.rv. Óneitanlega eykur það gæði umhverfis að viðhalda gróðurþekju og rými á sem stærstu svæði kringum Grafarvog og það myndi því styrkja verndarmarkmið friðlýsingarinnar, en hvort það krefjist þess að svæðið sé hluti af friðlýsingunni tekur Náttúrufræðistofnun ekki afstöðu til.

Eins og áður segir væri það helst umhverfi Grafarlæks þar sem verndargildissjónarmið vega hvað þungst og skoða mætti að fella að hluta til inn í friðlýsta svæðið. Bæði vegna gróðurfars en ekki síst því Grafarlækur er einnig mikilvægur fyrir lífríki Grafarvogs því hann er stærsta inntak ferskvatns í voginn og býr til aðstæður í veginum sem eru mikilvægar fyrir lífríki, ekki síst fuglalíf.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

